

18. NÓVEMBER  
2022

HARPA  
NORDURLJÓS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Æskuverk með Baibu og Harriet

FÖSTUDAGSRÖÐ

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum á meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

**Tímalengd verka:**

Tvö verk fyrir strengjaoktett op.11 11'  
Strengjaoktett op.20 33'

Tónleikarnir eru teknir upp og verða sendir út á Rás 1  
sunnudaginn 27. nóvember.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Æskuverk með Baibu og Harriet

TÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM  
18. NÓVEMBER KL. 18:00

**Baiba Skride**  
**Harriet Krijgh**  
Einleikarar

**Strengjaleikarar úr**  
**Sinfóníuhljómsveit Íslands**  
Emma Steele  
Gunnhildur Daðadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Þórarinn Már Baldursson  
Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Vera Panitch

**Dmítríj Shostakovítsj**  
Tvö verk fyrir strengjaoktett op. 11  
Prélúdía  
Scherzo

**Felix Mendelssohn**  
Strengjaoktett op. 20  
Allegro moderato ma con fuoco  
Andante  
Scherzo: Allegro leggierissimo  
Presto

For information in English  
about tonight's programme,  
please visit the Iceland  
Symphony Orchestra's  
website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



# Baiba Skride

## EINLEIKARI

Lettneski fiðluleikarinn Baiba Skride hefur leikið með flestum helstu hljómsveitum heims, meðal annars Berlínar-fílharmóníunni, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, Sinfóníuhljómsveitunum í Boston og Chicago, Fílharmóníusveit New York, Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam og þannig mætti lengi telja. Meðal stjórnaenda sem hún starfar hvað tíðast með má nefna Andris Nelsons, Santtu-Matias Rouvali, Marin Alsop og Yannick Nézet-Seguin.

Á liðnu tónleikaári kom Skride meðal annars fram í Evrópuferð Sinfóníuhljómsveitarinnar í Boston, þar sem leikið var í Elbphilharmonie í Hamborg, á Proms-tónlistarhátíðinni í Royal Albert Hall, Musikverein í Vínarborg og Fílharmóníunni í París. Þá lék hún einnig með sinfóníuhljómsveitunum í Birmingham, Ósló, Helsinki og Gautaborg. Vorið 2019 frumflutti hún nýjan fiðlukonsert eftir Sebastian Currier og hún hefur margsinnis leikið verk Gubaidulinu, Offertorium og Þríkonsert, á undanförunum árum, það síðarnefnda nú síðast á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í gærkvöldi.

Baiba Skride er einnig eftirsóttur flytjandi kammertónlistar. Hún lék nýverið í Wigmore Hall í Lundúnum undir merkjum Skride-kvartettsins, en í honum eru meðal annars Lauma systir hennar og sellóleikarinn Harriet Krijgh. Hún hefur leikið inn á fjölda geisladiska, meðal annars fiðlukonserta Bartóks með Eivind Aadland og bandaríska fiðlukonserta ásamt Santtu-Matias Rouvali.

Skride fæddist í Riga og tilheyrir tónlistarfjölskyldu. Faðir hennar er kórstjóri og móðir hennar píanóleikari auk þess sem tvær systur hennar hafa einnig lagt tónlistina fyrir sig. Hún hreppti fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel árið 2001 og í kjölfarið vakti hún heimsathygli fyrir leik sinn. Hún leikur á Stradivarius-fiðlu frá árinu 1724 sem áður var í eigu ísraelska fiðluleikarans Yfrah Neaman.



# Harriet Krijgh

EINLEIKARI

Harriet Krijgh fæddist í Hollandi árið 1991. Hún lærði við Tónlistarháskólann í Vínarborg og einnig við Kronberg-akademíuna hjá Frans Helmerson. Sjálf hefur hún kennt sellóleik við Tónlistarháskólann í Vínarborg frá árinu 2017.

Krijgh hefur leikið með fjölda hljómsveita í Evrópu, meðal annars Fílharmóníusveit Lundúna og Academy of St.-Martin-in-the-Fields. Hún tók þátt í að frumflytja konsert Gubaidulinu fyrir fiðlu, selló og bajaran vorið 2017 og hefur flutt verkið m.a. í Boston, Hannover, París og Utrecht og nú síðast Reykjavík með Sinfóníuhljómsveit Íslands, en verkið var flutt á tónleikum hljómsveitarinnar í gærkvöldi.

Krijgh tók við af Janine Jansen sem listrænn stjórnandi kammertónlistarhátíðarinnar í Utrecht árið 2017. Hún hlaut fyrstu verðlaun á sellótværingnum í Amsterdam árið 2012 og hefur hljóðritað fjölda diska fyrir Capriccio-plötuforlagið. Hún leikur á selló sem var smíðað af Giovanni Paolo Maggini árið 1620.



# Dmítríj Shostakovitsj

## TVÖ VERK FYRIR STRENGJAOKTETT OP. 11

Dmítríj Shostakovitsj (1906-1975) var eitt helsta tónskáld 20. aldarinnar en hans er kannski nú á dögum helst minnst annars vegar fyrir stóru hljómsveitarverkin, símfóniurnar og konsertana, og svo hins vegar fyrir strengjakvartettana. Þetta eru að minnsta kosti mest fluttu verkin eftir rússnesk/sovéska tónskáldið en Shostakovitsj samdi þó fjölda annarra verka, þar á meðal töluvert af kammertónlist sem er lítið flutt í dag. Þar á meðal er Prélúdía og gletta (eða Scherzo) fyrir strengjaopektett op. 11. Shostakovitsj var innan við tvítugt þegar verkið var frumflutt (1925) en hann hóf að semja það rúmu ári fyrir frumflutninginn, þá enn nemandi við Tónlistarháskólann í Leníngrad. Verkið tileinkaði hann nánnum vini sínum, skáldinu Vladímír Kurchavov (1900-1925), sem lést hálfþrítugur úr berklum.

Mikið mæðir á fyrstu fiðlu í verkinu, en ýmsir hafa orðið til þess að benda á að prélúdían sé í raun óður til Jóhanns Sebastíans Bachs. Hún hefst á kraftmiklum en átakanlegum hljóðum áður en ólík blæbrigði kallast á í tónmálinu. Glettan (eða Scherzo) varð ekki til fyrr en skömmu fyrir frumflutning verksins og þar er raunar sama upp á teningnum. Þátturinn skiptist í ólíkt tónmál, oftast þó kraftmikið þar sem mikil átök krauma undir en þó á köflum yfir í allt að því blíðar hendingar.



# Felix Mendelssohn

## STRENGJAKTETT OP. 20

Felix Mendelssohn (1809-1847) samdi strengjaktett sinn á sautjándá ári sem afmælisgjöf handa fiðlukennara sínum, Eduard Ritz, en verkið býr yfir fádæma hugmyndaauðgi, krafti og fágun. Verkið er samið fyrir fjórar fiðlur, tvær víólur og tvö selló (tvöfaldan strengjakvartett) og ruddi að mörgu leyti brautina í kammertónlist sinnar tegundar. Vissulega er um æskuverk að ræða en æskublómi verksins og ljómi þess gera það að kennileiti í kammertónlistarflóru 19. aldar. Verkinu var gríðarlega vel tekið og var raunar fyrsta verk Mendelssohns sem sló rækilega í gegn.

Strengjaktettinn op. 20 er í fjórum þáttum. Þriðji þátturinn er þeirra þekktastur, enda rataði glettan (Scherzo) – eða hluti hennar – inn í fyrstu símfóníu Mendelssohns. Tónskáldið notar kontrapunkt listilega í verkinu, einkum í lokapættinum sem hefst á átta radda fúgu. Þar vitnar Mendelssohn meðal annars í Hallelúja-kórinn úr Messíasi eftir Händel (í laglínuna sem sungin er við orðin „And he shall reign forever and ever“). Sjálfur gaf Mendelssohn einnig býsna skýr fyrirmæli varðandi flutning verksins og mælti meðal annars fyrir um að hljóðfæraleikarar ættu að leika sem þeir væri í hljómsveit og virða til hlítar allar styrkleikamerkingar. Nefna má að verkið er stundum flutt af fullskipaðri strengjasveit þar sem kontrabössum er bætt við. Það gerði til að mynda Arturo Toscanini með NBC-símfóníuhljómsveitinni árið 1947 sem til er fræg upptaka af.

*Magnús Lyngdal Magnússon*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Aðventutónleikar Sinfóníunnar

VIVALDI, HÄNDEL OG MOZART

01.12 | 19:30

MIÐASALA Í HÖRPU OG SINFONIA.IS